



## FUNDARGERÐ 467. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 29. apríl 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:05. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

### Tekið fyrir

#### 1. Viljayfirlýsing um forkönnun á jarðefnaendurvinnslu lögð fram til samþykktar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir viljayfirlýsingu milli Hornsteins ehf. og SORPU um að kanna fýsileika þess að koma á fót jarðefnaendurvinnslu.

Framkvæmdastjóri leggur til við stjórn að aflétta fyrirvara við viljayfirlýsinguna.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU samþykkir að aflétta fyrirvara við viljayfirlýsinguna.“*

#### 2. Staðan á verkefni PVD/UBQ og næstu skref

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði stöðu á verkefni PVD/UBQ og SORPU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU telur ekki forsendur til undirritunar þeirrar viljayfirlýsingar sem PVD/UBQ hafa lagt fram.“*

#### 3. Endurskoðunarskýrsla innri endurskoðunar SORPU bs.

Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og Jón Sigurðsson, innri endurskoðandi SORPU, taka sæti á fundinum klukkan 14:16.

Jón og Sigrún gera grein fyrir endurskoðunarskýrslu innri endurskoðunar SORPU bs.

Sigrún og Jón víkja af fundi 15:09.



#### 4. Spilliefnavagninn

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, tekur sæti á fundinum klukkan 15:17 og gerir grein fyrir verkefni Reykjavíkurborgar um Spillivagninn.

Guðmundur víkur af fundi klukkan 15:38.

Kristinn Andersen víkur af fundi klukkan 15:40.

#### 5. Umhverfisskýrsla SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram umhverfisskýrslu SORPU.

#### 6. Kostnaður við kynningu á sérsöfnun og samræmingu á sorphirðu

Framkvæmdastjóri leggur fram áætlun um áætlaðan kostnað við kynningu á samræmingu á sorphirðu.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi.

*„Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að senda erindi til borgarráðs og bæjarráða um kostnað við kynningu á samræmingu á sorphirðu.“*

#### 7. Staðan á útflutningi brennanlegs úrgangs

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á framvindu verkefnis um brennanlegan úrgang.

#### 8. Næsti fundur

Næstu fundur er boðaður 19. maí klukkan 16:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:55.